

Til þess er málið varðar

Reykjavík 15. mars 2021

Efni: Áskorun um endurákvörðun álagningar stöðuleyfisgjalda.

Með bréfi þessu skora Samtök iðnaðarins á sveitarfélög að endurákvörða álagningu stöðuleyfisgjalda. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur með stuttu millibili úrskurðað innheimtu Hafnarfjarðarbæjar á gjöldum vegna útgáfu stöðuleyfa fyrir gáma, svokölluð stöðuleyfisgjöld, ólögæta.

Af úrskurðum úrskurðarnefndar nr. 28/2020 og 34/2020 má ráða að gjaldtökuheimild 51. gr. mannvirkjalaga verður ekki túlkuð á þann veg að fjárhæð gjalds vegna útgáfu stöðuleyfis og tilheyrandi eftirlits ráðist af stærð eða fjölda lausafjármuna sem stöðuleyfið tekur til. Þá er ekki heimild til að innheimta stöðuleyfisgjöld af gámum sem eru á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu gáma í skilningi mannvirkjalaga og byggingarreglugerðar. Enn fremur hefur nefndin skýrlega tekið afstöðu til þess að aðeins sé heimilt að innheimta stöðuleyfisgjald fyrir hverja leyfisveitingu en ekki fyrir hvern gám. Þessi afstaða nefndarinnar eru í samræmi við leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem gefnar voru fyrst út árið 2017.

Samtökin skora á hvert og eitt sveitarfélag að endurskoða álagningu stöðuleyfisgjalda í kjölfar úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og leiðbeininga Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Virðingarfyllt



Sigurður Hannesson, framkvæmdarstjóri SI